

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaupþún vegna landakaupa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af láns skjölum þeim, sem um getur í 1. mgr., enn fremur af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem keypt eru eða keypt hafa verið með aðstoð ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. málslíður 1. mgr. 225. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.